

1982 nr. 12 11. mars**Lög um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar**

Tóku gildi 1. apríl 1982. Breytt með 1. 85/2012 (tóku gildi 11. sept. 2012 nema 2. másl. b-liðar 12. gr. sem tók gildi 1. sept. 2013).

■ **1. gr.** Starfa skal samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar. Tilgangur hennar er að vinna að auknum skilningi í löggjafarstarfi á vandamálum og verkefnum kirkjunnar.

■ **2. gr.** Samstarfsnefndina skipa af hálfu Alþingis forseti [Alþingis]¹⁾ og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki, en af hálfu þjóðkirkjunnar kirkjuráð.

□ Forseti [Alþingis]¹⁾ og biskup landsins fara með formennsku nefndarinnar sitt árið hvor.

¹⁾ L. 85/2012, 29. gr.

■ **3. gr.** Samstarfsnefndin getur annars vegar sent ályktanir og tillögur til Alþingis eða einstakra nefnda þess, en hins vegar til kirkjuþings.